

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Langholt 3. Aukið byggingarmagn kjallara.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi að Langholti 3. Í breytingunni felst heimild til að nýta fyllt rými í kjallara undir nýtanleg rými. Núverandi heimild deiliskipulagsins gerir ráð fyrir 200 fm húsi og allt að 100 fm kjallara. Eftir breytingu er gert ráð fyrir allt að 370 fm í kjallara. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2023.

*Deiliskipulagsbreyting, Lynghæð, L196512. Lóðir, L1-L7.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi að Lynghæð. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2023.

*Deiliskipulag, Flóaskóli og Þjorsárver. Skólasvæði og félagsheimili.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Flóaskóla og Þjorsárvers. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2023.

*Deiliskipulag, Lofsstaðir-Vestri, verslunar- og þjónustusvæði.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðis að Lofsstöðum-Vestri. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 5. júlí 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**